

## 10. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eða laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands. Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávar-  
afla.

## 11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands, öðlast gildi 1. apríl 1979, og birtist til eftirbreytni þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 327 4. september 1978, um möskvastærðir botnvörpu og flotvörpu.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. mars 1979.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.**

*Jón B. Jónasson.*

## REGLUGERÐ

### um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

## 1. gr.

Utanríkisráðuneytið gefur út tvenns konar vegabréf, diplómatsk vegabréf og sérstök vegabréf.

## 2. gr.

Í vegabréfum utanríkisráðuneytisins skal greina fullt nafn vegabréfshafa, stöðu, fæðingardag og -ár, fæðingarstað, heimilisfang, hæð, háralit og augnalit.

Í vegabréf skal enn fremur festa nýlega ljósmynd af vegabréfshafa, og skal setja á hana embættisinnsgli ráðuneytisins þannig að nokkur hluti innsiglisins komi fram á myndinni, en nokkur hluti utan hennar.

Taka skal fram í vegabréfi til hve langs tíma það skuli gilda.

Vegabréfshafi skal rita nafn sitt í vegabréfið með eigin hendi undir ljósmynd. Rita skal útgáfudag vegabréfs, undirrita það og stimpla með embættisstimpli ráðuneytisins.

## 3. gr.

Ráðuneytið skal halda sérstakar skrár yfir öll vegabréf, sem það gefur út, aðra yfir diplómatsk vegabréf, hina yfir sérstök vegabréf. Skal þar skrá allar hinar sömu upplýsingar um vegabréfshafa og settar hafa verið í vegabréfið og auk þess festa ljósmynd af vegabréfshafa.

## 4. gr.

Þessir aðilar einir fá diplómatsk vegabréf, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Forseti Íslands.
2. Fyrrverandi forsetar Íslands.
3. Nánustu fylgdarmenn forseta Íslands, er þeir eru í fylgd með forseta.

4. Ráðherrar.
5. Nánustu fylgdarmenn ráðherra, er þeir eru í fylgd með ráðherra.
6. Forseti sameinaðs Alþingis.
7. Hæstaréttardómarar.
8. Þeir starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem teljast til 1.—5. flokks 8. gr. laga nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands.
9. Fulltrúar í opinberum sendinefndum ríkisstjórnarinnar, svo og aðrir opinberir fulltrúar í stjórnarerindum samkvæmt umboði forseta Íslands.
10. Biskupinn yfir Íslandi.
11. Ráðuneytisstjórar.
12. Ríkissaksóknari.
13. Forseti neðri deildar Alþingis.
14. Forseti efri deildar Alþingis.
15. Aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
16. Skrifstofustjóri Alþingis, er hann er í fylgd með forsetum Alþingis.
17. Fulltrúar, sem gegna meiriháttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum eða samtökum.
18. Fyrrverandi forsætis- og utanríkisráðherrar.
19. Fyrrverandi starfsmenn utanríkisþjónustunnar, sem hafa gegnt störfum í 1. og 2. flokki hennar sbr. 8. gr. laga nr. 39/1971.
20. Makar og börn þeirra, sem taldir eru að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 20 ára aldri, nema um ógiftar eldri dætur útsendra fulltrúa utanríkisþjónustunnar sé að ræða, er dvelja í föðurhúsum og skráðar eru á hinn diplómátíska lista, þar sem foreldri þeirra starfar.

## 5. gr.

Þessir aðilar geta fengið hin sérstöku vegabréf utanríkisráðuneytisins, enda séu þeir íslenskir ríkisborgarar:

1. Fyrrverandi ráðherrar.
2. Alþingismenn.
3. Skrifstofustjórar og deildarstjórar í Stjórnarráði Íslands.
4. Forstjórar ríkisskrifstofa og -stofnana.
5. Skrifstofustjóri Alþingis.
6. Hæstaréttarritari.
7. Annað starfsfólk utanríkisþjónustunnar, sem ekki er talið í 4. gr. 8. tölulið.
8. Aðstoðarmenn ráðherra.
9. Kjöræðismenn Íslands erlendis.
10. Þeir aðrir, sem ferðast í opinberum erindum ríkisstjórnarinnar, þegar sérstaklega stendur á, og að því tilskildu, að hlutaðeigandi ráðuneyti óski þess, að vegabréf sé gefið út.
11. Borgarstjóri og forseti borgarstjórnar Reykjavíkur.
12. Fyrrverandi hæstaréttardómarar.
13. Fyrrverandi biskupar yfir Íslandi.
14. Fyrrverandi ríkissaksóknarar.
15. Fyrrverandi ráðuneytisstjórar.
16. Fyrrverandi aðalbankastjórar Seðlabanka Íslands.
17. Fulltrúar, sem gegnt hafa meiriháttar trúnaðarstörfum í alþjóðlegum stofnunum eða samtökum.
18. Þeir, sem ferðast í erindum á vegum meiriháttar viðskiptasamtaka þegar sérstaklega stendur á og að því tilskildu að fyrir liggja meðmæli viðskiptaráðuneytisins hverju sinni.

19. Makar og börn þeirra, sem taldir eru hér að framan; börnin þó að því tilskildu, að þau hafi ekki náð 20 ára aldri.

Enn fremur er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að gefa út sérstök vegabréf til handa starfsmönnum utanríkisþjónustunnar í 3.—4. flokki samkv. 8. gr. laga nr. 39/1971 svo og þeim, sem greinir í 3.—6. tölulið, sbr. og 19. tölulið þessarar greinar, og látið hafa af starfi.

6. gr.

Þegar diplómatiskt eða sérstök vegabréf eru gefin út til ákveðinnar ferðar, skulu þau eingöngu látin gilda fyrir þann tíma, er ætla má, að ferðin muni standa; ella má láta vegabréf þessi gilda allt að þremur árum.

7. gr.

Nú hættir maður að gegna starfi, er heimildin til að fá diplómatiskt eða sérstakt vegabréf samkvæmt 1. gr. fylgir, og er þá vegabréfshafa skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta íslenska sendiráði vegabréf sitt.

Sama gildir, þegar vegabréf hefur verið gefið út til ákveðinnar ferðar, og þeirri ferð er lokið.

Á sama hátt er skylt að afhenda utanríkisráðuneytinu eða næsta sendiráði vegabréf maka vegabréfshafa og barna hans, sem hafa fengið vegabréf samkvæmt 4. gr. 20. tölulið og 5. gr. 19. tölulið samtímis því, sem vegabréfshafi, samkvæmt því er segir hér að framan, afhendir vegabréf sitt.

8. gr.

Sendiráðum heimilast að framlengja gildi vegabréfa utanríkisráðuneytisins fyrir þá starfsmenn utanríkisráðuneytisins, sem nefndir eru í 4. gr. 8. tölulið og 5. gr. 7. tölulið, sem og vegabréf fyrir maka þeirra og börn. Vegabréf þessi skal þó eigi framlengja fyrir lengri tíma en svo, að vegabréfshafa gefist tími til að afla sér nýs vegabréfs frá utanríkisráðuneytinu, og aldrei lengur en til 6 mánaða í senn.

Gildi annarra vegabréfa má eigi framlengja nema að fengnu leyfi ráðuneytisins.

9. gr.

Reglugerð þessi sem gefin er út samkvæmt heimild í lögum nr. 18 1953 um íslensk vegabréf og lögum nr. 39/1971 um utanríkisþjónustu Íslands, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 56/1945 um vegabréf utanríkisráðuneytisins.

Óheimilt er að framlengja vegabréf utanríkisráðuneytisins, sem út hafa verið gefin fyrir gildistöku reglugerðar þessarar; þegar gildistími þeirra er út runninn, gefur ráðuneytið út ný vegabréf samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar.

*Utanríkisráðuneytið, 22. febrúar 1979.*

**Benedikt Gröndal.**

*Henrik Sv. Björnsson.*